Klippiforritið iMovie 11 - Kennsluefni

1.

Þegar byrjað er að nota klippiforritið iMovie er fyrsta skrefið að búa til nýtt *project*. Til að búa til nýtt project ferðu í *File > New Project*. Þá opnast gluggi þar sem þú getur nefnt verkefnið (projectið) þitt og valið Frame Rate (yfirleitt 25 fps¹) og Aspect Ratio (yfirleitt Widescreen en það fer eftir því hvernig efnið sem þú ætlar að klippa var skotið).



Í þessum glugga er einnig er hægt að láta forritið setja sjálfkrafa inn tengingar (transitions) á milli klippa, en við ætlum ekki að haka við það hér. Eins er hægt að velja þema en við ætlum heldur ekki að gera það og veljum því No Theme.

Þegar hér er komið sögu skal smella á *Create*, og þannig búa til nýtt project. Í hvert skipti sem nemandi byrjar á nýrri mynd skal búa til nýtt project, en ef nemandi ætlar að halda áfram að vinna í mynd sem hann var byrjaður á, þá opnar hann það project sem hann var að vinna í og heldur áfram þar sem frá var horfið.

2.

Næsta skref er að setja efnið, sem við ætlum að klippa, inn í projectið okkar í iMovie. Til að gera það ferðu í *File > Import*. Bæði má hlaða inn myndefni beint af vídjó-kameru sem tengd er við tölvuna eða velja efni af harða disknum á tölvunni (t.d. efni sem hefur verið halað niður af netinu, eða efni sem búið var að færa af myndavél inn á harða diskinn).

Hægt er að hlaða efninu inn í fullum gæðum (*full*) eða í aðeins minni gæðum (*large*). *Large* tekur töluvert minna pláss á tölvunni. Þegar unnið er með nemendum sem ekki eru allir með eigin utanáliggjandi harðan disk borgar sig yfirleitt að notast við *large*. Þannig fyllist harði diskurinn á tölvunni sem verið er að nota ekki of fljótt og það er auðveldara fyrir tölvuna að vinna.

¹ Fps stendur fyrir frames per second, eða rammar á sekúndu. Í Evrópustaðlinum PAL eru yfirleitt 25 rammar á sekúndu, í Ameríkustaðlinum NTSC eru 30 rammar á sekúndu.

Hér þarftu líka að ákveða hvar þú vilt vista projectið þitt.



3.

Allt efnið sem við höfum hlaðið inn í forritið birtist í *Event Library* glugganum, sem er á neðri hluta skjásins. Þar má velja hvaða myndefni maður vill nota og draga það upp í *Project* gluggann efra megin til vinstri á skjánum. Í efra horninu til hægri má svo sjá myndefnið sem búið er að klippa saman.

Þegar þú smellir á hluta af klippu í glugganum niðri, þar sem hráa myndefnið er geymt, sérð þú að klippan fær gular útlínur. Með því að setja músina hægra eða vinstra megin á þessa gulu útlínu má draga hana til og þannig stjórna því hversu mikið efni er valið. Ef þú vilt velja og nota alla klippuna heldurðu niðri SHIFT takkanum, og smellir á klippuna. Þá velst hún öll. Ef músin er dregin yfir klippuna sem búið var að velja birtist mynd af hendi og þá getur þú dregið efnið upp í *Project* gluggann. Þú getur svo sett klippuna þína fremst, aftast eða á milli annarra klippa í *Project* glugganum uppi til vinstri.



Event library er staður þar sem allt efnið, sem hlaðið hefur verið inn í forritið er geymt, nokkurs konar geymsla fyrir það sem kallað er hrátt myndefni. Þar er einnig hægt að nálgast efni sem maður hefur importað áður.

Þær klippur sem þú ert búin(n) að velja og setja á sinn stað í *Project* glugganum eru nú merktar með appelsínugulri rönd í *Event Library*. Þannig veist þú hvaða efni þú ert búin(n) að nota og hvað ekki. Auðvitað getur þú samt notað sama myndbútinn aftur og aftur ef þú vilt. Haltu áfram að velja og draga klippurnar sem þú vilt nota upp í *Project* gluggann, þar til þú ert búin(n) að finna til allt myndefnið sem þú vilt nota og raða því upp í rétta röð í projectinu þínu.



Til að spila það sem þú ert búinn að klippa saman ýtir þú á play takkann, sem er niðri til vinstri í *Project* glugganum (merktir með rauðum hring á myndinni hér fyrir ofan) en takkinn vinstra megin við play takkann spilar myndina á öllum skjánum.

4.

Næsta skref er svo að setja tónlist, hljóðeffekta, tengingar, texta og svo framvegis. Þessir takkar, hægra megin á skjánum, gera manni kleift að gera það.



Nótan: Með því að smella á þennan takka er hægt að sækja lög í iTunes, hljóðeffekta sem eru innbyggðir í iMovie og lög sem nemendur hafa sjálfir gert í forritinu Garage Band. Til að nálgast lag eða hljóðeffekt smellir þú á þá möppu sem þú vilt sækja efni í, (t.d. iMovie sound effects), skoðar effektana sem eru í boði, (það er hægt að hlusta á þá með því að smella á play takkann neðst í glugganum) og dregur svo effektinn sem þú vilt nota upp í projectið, og sleppir honum þar sem þú vilt hafa hann.



Myndavélin: Hér er hægt að sækja myndir úr iPhoto. Þetta er gert á sama hátt og með hljóðeffektana, þ.e.a.s. þegar mynd er valin er hægt að draga hana upp í projectið uppi til vinstri og sleppa þar sem maður vill staðsetja hana.



Texti: Hér er hægt að velja um ýmis konar gerðir af texta, til dæmis miðjutexta, texta sem hreyfist, rúllar upp eftir skjánum o.s.frv. Þegar búið er að velja hvers konar texta maður vill nota er textinn dreginn upp í projectið og sleppt þar sem maður vill hafa hann. Með því að velja svo textaboxið má skrifa það sem maður vill að standi í textanum (t.d. "Mynd eftir Jón Jónsson", titilinn á myndinni o.s. frv.). Það birtist einnig lítill kassi vinstra megin við textann, þar sem stendur SHOW FONTS. Ef smellt er á hann er hægt að breyta um leturgerð, breyta um lit á textanum, gera hann feitletraðan, skáletraðan, stækka hann eða minnka o.s.frv. Þegar textinn lítur út eins og þú vilt hafa hann, smellir þú á DONE.



Transitions: Transitions er það kallað þegar settar eru tengingar á milli skota. Hér er hægt að velja um mismunandi leiðir til að fara úr einu skoti í annað, td *cross fade, fade to black* o.s.frv. Eins og venjulega er sú transition/tenging sem maður vill nota dregin upp til vinstri í *Project* gluggann og henni sleppt á milli þeirra klippa sem maður vill hafa hana. Það er gott að venja sig á að hugsa um transitions sem eitthvað sem er bara notað þegar nauðsyn krefur, og hvetja nemendur sína til að gera það sama. Eins má benda nemendum á að hugsa alltaf um hvaða áhrif mismunandi transitions hafa á verkið sem verið er að vinna. Hvað segir það okkur t.d. í myndmáli þegar við sjáum *fade to black* á milli klippa? Óskráð þumalputtaregla er að því betri sem klippingin er, því færri transitions þarf.





Heimskort og animatic: Takkinn lengst til hægri er með tilbúnum heimskortum sem getur verið skemmtilegt að leika sér með. Þegar þú dregur heimskortið sem þú vilt nota upp í *Project* gluggann birtist Inspector gluggi, þar sem þú getur valið upphafsstað og endastað á heimskortinu, lengd o.s.frv. Eins eru hér bakgrunnar og það sem kallast *animatic*, sem er nokkurs konar *storyboard*, eða skissuborð, sem hægt er að notast við til að planleggja verkefni, áður en farið er út í tökur. Það sama á við hér og í hinum tökkunum; það sem þú vilt nota dregur þú einfaldlega upp til vinstri og sleppir þar sem þú vilt hafa það.





5.

Fyrir miðju forritsins eru þessir takkar sem vert er að kíkja á:



Hljóðneminn er til að taka upp hljóð sjálf(ur) beint inn á tölvuna, í gegnum innbyggðan hljóðnema sem flestar tölvur hafa. Þetta getur verið skemmtilegt ef nemendur vilja gera eigin "voice-over", búa til eigin hljóðeffekta fyrir myndina sína o.s.frv. Til að taka upp

með hljóðnemanum velur þú hljóðnemann og smellir á tímalínuna í *Project* glugganum þar sem þú vilt byrja hljóðupptökuna. Upptakan fer þá í gang, eftir að hafa talið niður 3-2-1.

Crop takkinn í miðjunni er til að gera myndina minni eða stærri á skjánum, eða snúa henni til vinstri eða hægri. Smellt er á myndina til hægri á skjánum, grænn kassi birtist og með því að draga hann til á hornunum má ákveða hversu stór eða lítil myndin verður. Einnig er í þessum takka hægt að smella á effect sem heitir "Ken Burns" en með honum er hægt að velja upphafs- og endapunkt, og láta myndina svo hreyfast hægt frá A til B.



Inspector takkinn gefur þér upplýsingar um klippuna sem er valin. Þar má einnig setja inn fleiri effekta bæði á mynd og hljóð, leika sér með birtustig og lit, breyta hraða, láta myndina spilast afturábak o.s.frv.

Þetta er einnig hægt að gera með því að velja klippuna í *Project* glugganum og smella á litla tannhjólið sem birtist, en við komum betur að tannhjólinu síðar.



8	Inspector			8	Inspector			0			spector			
Clip	Video	Audio		Clip	Video	Audi	•		Clip		Video	Au	oibi	
Duration:	13.45				1940			_	Volume			- 7		100%
Source Duration:	3:53.3			Incine	and the				Ducking	Reduce	volume o	f other tra	ecks to:	15%
Video Effect:	None				Concernance				Fade In	E Manual				
Audio Effect:	None			0%	Leves		100%	_	rase out					
Speed: #	•	*	100 %	Exposure:		•	100%		Enhance	Reduce	backgrou	nd noise l	-	016
Direction:	Reverse		13.45	Brightness: Contrast:	* — •	*	0%		Equalizer	Custo	m		1	
Stabilization:	Smooth clip motion			Saturation:	• — •		100%	1						
Maximum Zoom: "	2	•	100%	White Point:		You can	also	4						
Rolling Shutter:	Reduce motion distort	lon				adjust the point by cl	white licking							
Amount:	Choose Amount	•				on a white area of the	or gray viewer.		2	Normali	re Clip Vo	lume		
0			Jone	(?) Reven	to Original Au	to) 📖	Done		Revert to	Original			10) (4	Done

6.

Tannhjólið birtist þegar þú velur klippu í Project glugganum:



Auk þess að nota tannhjólið til að opna Inspector gluggann eru hér nokkrir fleiri möguleikar á notkun þess:

Precision Editor: þetta er góður valkostur til að gera mjög nákvæma klippingu á milli skota. Ef valin er klippa í *Project* glugganum uppi til vinstri, smellt á tannhjólið og Precision Editor valinn, birtist lítill blár aflangur hringur eða kassi á milli klippunnar sem var valin og klippunnar á undan:



Þá opnast Precision Editor gluggi á neðri hluta skjásins. Þar birtast klippurnar tvær, sú fyrri er ofar vinstra megin og sú síðari neðar hægra megin. Bláa lóðrétta línan sýnir hvar skotin tvö mætast. Hér getur þú annað hvort dregið klippurnar sjálfar til, til að endurstaðsetja þær, eða dregið til bláu línuna til að ákveða hvar hvort skotið um sig á að byrja.



Clip Trimmer: Í tannhjólinu getur þú líka valið Clip Trimmer. Það getur verið góður kostur ef þú vilt gera ákveðið skot lengra eða styttra. Þegar þú velur Clip Trimmer opnast nýr gluggi á neðri hluta skjásins, þar sem þú sérð allt hráa efnið sem hafði verið hlaðið inn. Klippan sem er valin birtist þar með gulum útlínum. Ef þú setur músina fremst eða aftast á klippuna getur þú dregið útlínurnar til og þannig lengt eða stytt klippuna í *project* glugganum.

Clip Trimmer er líka hægt að nota til að sníða til hljóðrásina. Ef þú notar lag úr iTunes í projectinu þínu, en lagið er annað hvort of langt, þú vilt ekki að lagið byrji á byrjuninni eða vilt færa það til, getur þú valið hljóðrásina með laginu í *Project* glugganum, smellt á tannhjólið og valið Clip Trimmer. Þá opnast Clip Trimmer glugginn niðri, og þar er hægt að draga til gulu röndina sem myndast utanum hljóðrásina og ákveða hvar lagið á að byrja og/eða enda. Hér er líka hægt að opna *clip adjustments* eða *audio adjustments* og gera þær breytingar sem maður vill á hljóðinu, til dæmis stilla á *fade inn* og *fade out*, lækka í öðrum hljóðrásum eða setja effekta á hljóðið. Hér eru skipanirnar þær sömu og í *Inspector* takkanum.

Stundum getur verið gott að aðskilja hljóð og mynd, til dæmis ef þú vilt færa til hljóð sem fylgir ákveðnu skoti og setja það yfir annað skot, eða ef þú vilt taka hljóðrásina út eða færa hljóðið til án þess að færa til myndina. Til að aðskilja hljóð og mynd er klippan valin í *Project* glugganum uppi til vinstri og svo er valið **Clip > Detach Audio**. Þá er hægt að eyða eingöngu hljóðinu eða eingöngu myndinni, færa hljóðið til með því að smella á hljóðrásina með músinni og draga hana fram eða aftur, stytta/lengja hljóðið o s frv.





Á myndinni hér fyrir ofan sést svo hvernig hljóðrásin er nú aðskilin myndinni og birtist sem fjólublá rás fyrir neðan myndina. Hér er líka búið að stytta framan af hljóðrásinni og sést að hún byrjar aðeins á eftir myndinni.

Að lokum: Þegar þú ert orðin ánægð(ur) með klippingu og hljóð og myndin þín er tilbúin getur þú hlaðið myndinni beint upp á Vimeo eða YouTube, eða exportað myndinni sem sjálfstæðri skrá, sem þú eða nemandinn getur svo sett á USB lykil eða utanáliggjandi harðan disk, eða jafnvel brennt myndina á DVD disk. Til þess að gera þetta eru nokkrar leiðir:

Share > YouTube/Facebook/Vimeo: Hér velur þú síðuna sem þú vilt hlaða myndinni upp á, hvort sem það er YouTube, Facebook eða Vimeo, setur titil og lýsingu á myndinni og velur svo í hvaða stærð og gæðum þú vilt hafa myndina. Svo smellir þú á *Next* takkann, þá opnast annar gluggi þar sem þú smellir á *Publish* og myndin ætti þá að hlaðast upp á síðuna sem þú valdir.

					\$ Add	R	emove
Password:							
Category:	Entertainmen	t			\$		
Title:	iMovie kennsl	a				_	
Description:							
Tags:							
Tags:							
Tags:		l	i Bad			You	
Tags: ize to publish:	Mobile	iPhone	iPad	etv	Computer	Yee YouTube	480x272 🕄
Tags: ize to publish:	Mobile	iPhone •	iPad •	atv •	Computer	Yeu	480x272 0 640x360 0
Tags: ize to publish:	Mobile Medium	IPhone •	iPad •	•	Computer	You YouTube	480×272 0 640×360 0 960×540 0
Tags: ize to publish:	 Mobile Medium Large HD 720p 	iPhone 0 0 0	iPad •	•	Computer	Yee	480×272 0 640×360 0 960×540 0 1280×720 0

Share > Export Movie: Þá birtist þessi gluggi. Hér getur þú nefnt myndina þína, (eða látið hana heita saman nafni og þú varst búin(n) að velja) og einnig velur þú hvar þú vilt vista myndina. Þú velur líka stærð og gerð myndarinnar sem þú exporter eftir því hversu stór þú vilt að hún sé, og bláu punktarnir í valglugganum segja þér til um á hvaða tækjum þú getur spilað myndina, eftir því hvaða valmöguleika þú kýst.

	Export As: iMovie kennsla							
	Where: 📄	9						
		iPod	iPhone	iPad	atv	Computer		
Size to Export: (Mobile		0	0			480×272	0
(Medium	0	0	0	0	0	640x360	0
(💽 Large		•	•	•	•	960x540	0
(HD 720p		0	0		0	1280×720	0
(HD 1080p						1920×1080	0

Share > Export using Quick Time: Þessi leið til að exporta gefur þér fleiri valmöguleika. Aftur þarftu að ákveða nafn á myndina og hvar þú vilt vista hana. Ef þú smellir svo á *Options* takkann opnast nýr gluggi sem heitir *Movie Settings*og þar getur þú farið inn í *Video Settings* og *Audio Settings* og valið um mismunandi compression (eða þjöppunarmöguleika).



